

ALÞJÓÐAGJALDEYRISSJÓÐURINN

ÍSLAND

Viðbúnaðarlán – Stöðuskýrsla

Samin af Evrópudeild í samráði við aðrar deildir

Samþykkt af Ajai Chopra og Tessa van der Willigen

24. desember 2008

- **Yfirlit.** Eins og við var að búast hefur bankakreppan leitt af sér harða niðursveiflu í efnahagslífinu. Nokkuð virðist hafa dregið úr þrýstingi á gengið þótt gefnar hafi verið frjálssar allar gjaldeyrisyfirfærslur sem skráðar eru sem viðskipti sem hafa áhrif á viðskiptajöfnuð. Viðræður sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins við íslensk stjórnvöld í desember 2008 snerust um næstu skref sem taka þarf til að koma á eðlilegu ástandi í peninga- og gengismálum, svo og um framvindu ríkisfjármála miðað við gefin markmið, um endurreisn bankanna og erlenda fjármögnun. Gjaldeyrismarkaðurinn er orðinn stöðugri og virðist það hafa aukið traust á efnahagsstefnunni. Seðlabankinn er þeirrar skoðunar að nú séu að skapast aðstæður til að lækka stýrivexti smám saman og slaka á hömlum á fjármagnsflutningum á nýju ári. Fjárlög ársins 2009 voru samþykkt í samræmi við skuldbindingar áætlunarinnar og undirbúningur að áætlun um ríkisfjármál til meðallangs tíma gengur samkvæmt áætlun. Stjórnvöld hafa gefið til kynna að þau muni lögfasta áform sín þegar á árinu 2009. Framvindan í endurskipulagningu fjármálageirans gengur vel þótt stjórnvöld hafi skýrt frá því að endurfjármögnun bankanna geti dregist um 4-8 vikur vegna flókinna viðræðna við lánardrottna og endurskoðendur um aðferðafræði. Nýjar áhyggjur hafa vaknað af sparisjóðum á Íslandi (þeir eru með um 30% af innlánnum) sem stjórnvöld eru nú að takast á við. Stjórnvöld búast við að samningar við þau ríki, sem lofað hafa lánafyrirgreiðslu, muni hefjast á ný í janúar.
- **Umraður.** Dagana 15. til 19. desember áttu fulltrúar sjóðsins fund með Geir H. Haarde forsætisráðherra, Davíð Oddssyni, formanni bankastjórnar Seðlabanka Íslands, Árna Mathiesen fjármálaráðherra, Bolla Þ. Bollasyni, ráðuneytisstjóra í forsætisráðuneytinu, og öðrum helstu yfirmönnum; einnig áttu þeir fund með forstjórum nýju bankanna og forystumönnum Samtaka atvinnulífsins og verkalýðsfélaga. Samhliða fór fram víðtæk kynning á áætluninni, framvindu hennar og þeim aðgerðum sem fram undan eru. Haldnir voru fundir með fjölmiðlafólki, þingmönnum, háskólamönnum og fulltrúum opinberra starfsmanna.

- Fulltrúar úr starfsliði sjóðsins voru þeir Poul Thomsen (sem leiddi hópinn), Mark Flanagan, Rodolfo Luzio og Mali Chivakul (öll úr Evrópudeild), svo og Angela Gaviria-Baptiste (EXR-deild), Simon Gray (MCM-deild) og Alison Stuart (SPR-deild). Björn Ólafsson, ráðgjafi á skrifstofu fulltrúa Norðurlanda og Eystrasaltslanda í stjórn sjóðsins, sat fjölda fundanna.

I. INNGANGUR

1. **Pann 19. nóvember samþykkti stjórn sjóðsins viðbúnaðarlán til Íslands til tveggja ára** samkvæmt fyrirkomulagi neyðarfjármögnunar (e. Emergency Financing Mechanism (EFM)) að fjárhæð 1,4 milljarðar SDR (2,1 milljarður dollara, 1190% af kvóta Íslands). Fyrsti hluti lánsins, 560 milljónir SDR, var greiddur út strax að lokinni samþykkt stjórnarinnar. EFM-fyrirkomulagið kallar á endurskoðun á upphaflegum stjórnvaldsaðgerðum og viðbrögðum markaðarins við þeim, innan eins eða tveggja mánaða frá því að lánið var samþykkt.

II. ÞRÓUN OG HORFUR

2. **Bankakreppan hefur leitt af sér harða niðursveiflu í efnahagslífinu eins og við var að búast** (mynd 1; tafla 1). Vísbendingar eru um að hratt dragi úr neyslu, vinnumarkaðurinn þrengist óðum, atvinnuleysi eykst og raunlaun lækka. Samanlagt veldur þetta verulegri lækkun á kaupmætti. Samdráttur í innflutningi er þegar kominn fram og hann mun valda varanlegum viðsnúningi á vöruskiptajöfnuði, um leið og útflutningur nýtur þess áfram að gengið hefur lækkað. Verðbólga hefur á hinn bóginn aukist úr 14% í september í 17,1% í nóvember eins og búist hafði verið við í áætluninni.
3. **Gengið er orðið stöðugra.** Allar gjaldeyrisyfirfærslur, vegna viðskipta sem skráðar eru á viðskiptajöfnuði, voru gefnar frjálssar frá og með 28. nóvember. Viðskipti á millibankamarkaði með gjaldeyri hófust aftur 4. desember. Gengi krónunnar hafði lækkað um 17% á innlenda gjaldeyrismarkaðnum frá októberlokum en hækkaði fljótt aftur eftir að millibankamarkaðurinn fór í gang. Gengið hefur fest sig í um 160 krónum á evru, nokkurn veginn í takt við þá stöðu sem spáð var um áramót (mynd 2).
4. **Fjármagnsmarkaðirnir eru enn að mestu frosnir en áhugi virðist vera að vakna á ríkisskuldabréfum** (mynd 2). Millibankamarkaður í krónum er ekki farinn af stað og hlutabréfamarkaðurinn er enn undir þrýstingi samfara litlum viðskiptum. Skuldatryggingarálag ríkisins er enn hátt og hefur haldist stöðugt í um 1100 grunnpunktum. Tvö útboð ríkisskuldabréfa voru haldin snemma í desember en áhugi fjárfesta var takmarkaður. Hins vegar var haldið uppboð á ríkisvixlum 19. desember og þá var eftirspurn mikil (með ávöxtunarkröfu kringum 16%) en mismunurinn milli innláns- og endurkaupavaxta Seðlabankans hjálpaði þar til.
5. **Ný gögn benda til breytinga á forsendum áætlunarinnar**
 - Nýjar tölur um nettó útistandandi lán Seðlabankans til einkageirans eru lægri en áður var talið. Það felst í endurskilgreiningu á innlánunum í gjaldeyri og leiðréttingu gagna (tafla 2). Þetta hefur ekki áhrif á markmið áætlunarinnar í peningamálum en þau voru sett sem flæðistærðir til að taka tillit til mikillar óvissu á þeim tíma. Íslensk stjórnvöld hafa einnig gefið út efnahagsreikninga til bráðabirgða fyrir nýju bankana þar sem gætir minniháttar mismunar frá gögnum sem fulltrúum sjóðsins

voru áður látn í té (tafla 3). Heildarmynd af bankakerfinu liggur ekki enn fyrir (þar sem vinnu við mat á eignum bankanna er ekki enn lokið).^[1]

- Kostnaður ríkissjóðs af hruni bankanna í október verður líklegri lægri en talið var. Tryggð innlán í útibúum bankanna í Bretlandi, Hollandi og Þýskalandi eru nú talin nema 5,8 milljörðum dollara. Þetta er lægri tala en ætluð var í upphafi, 8,2 milljarðar dollara. Að hluta stafar þetta af því að tekist hefur að aðskilja útibú í öðrum löndum og greiða innlán með endurheimtum eignum.
- Tölur fyrir greiðslujöfnuð á 3. ársfjórðungi sýna meiri viðskiptahalla en áætlað var (7,3% af VLF) en þetta stafar að miklu leyti af óvæntri þróun á þáttatekjureikningi í tengslum við umrótið í bankageiranum og mun hafa frekar lítil áhrif á áframhaldandi flæðistærðir (tafla 4). Gögn fyrir lok september gefa til kynna að erlend skuld bankageirans hafi numið um 95 milljörðum dollara fyrir hrunið (borið saman við fyrri áætlun um 84,7 milljarða dollara). Nýju bankarnir skulda smáfjárhæðir erlendis en stærstur hluti skuldanna er enn í gömlu bönkunum og verður annaðhvort að heimta upp í þær eða afskrifa þær í gjaldþrotameðferðinni. Þetta hefur ekki áhrif á greiningu greiðslugetunnar.

III. FRAMKVÆMD EFNAHAGSSTEFNUNNAR

6. **Tekist hefur að koma á stöðugu gengi, unnið er að því að koma á áætlun í ríkisfjármálum til meðallangs tíma en endurskipulagning bankanna er nokkuð á eftir áætlun.** Framvinda stefnunnar í peningamálum og ríkisfjármálum hefur þegar skilað árangri og stjórnvöld eru í aðalatriðum á áætlun samkvæmt árslokaviðmiði (sjá texta í töflu 5). Í þessu sambandi benda stjórnvöld á að traust hefur vaxið verulega eftir hækkun gengisins. Endurskipulagning efnahagskerfisins heldur áfram þótt áætlun um endurfjármögnun bankanna hafi tafist nokkuð af tæknilegum ástæðum (tafla 6). Stjórnvöldum miðar vel áfram við að yfirstíga annir í stjórnsýslunni með hjálp verulegrar tækniástoðar frá sjóðnum á öllum mikilvægustu sviðum stefnumörkunar.^[2]

A. Stefnan í peninga- og gengismálum

7. **Eftir miklar hræringar, þar sem stuðningur við gjaldeyrismarkaðinn var mikill og útlán til banka víðtæk, er áætlunin í peningamálum á réttri leið og farin að skila árangri:**
- Inngríp í gjaldeyrismarkað hafa verið lítil frá því í október. Nettógjalddeyrisforði bankans er vel yfir lágmarki áætlunarinnar. Til að draga úr gengissveiflum eru stjórnvöld að koma á áætlun um inngríp þegar vikulegar gengissveiflur verða of miklar í aðra hvora áttina. Um leið hyggjast þau binda heildarinngríp við markmið um nettógjalddeyrisforða.
 - Nettóútlán Seðlabankans til einkageirans eru yfir markmiði áætlunarinnar í árslok en svo virðist sem þau séu að nálgast markmiðið. Umbætur í lausafjárstyringu munu hjálpa þar til. Stjórnvöld hafa tilkynnt að þau muni leitast við að endurbæta lausafjárspá sína, aðlaga innlánsbindingartímabilið og stjórna lánsfjárframboði í vikulegum aðgerðum sínum á fjármagnsmarkaði (með því að takmarka lánsfjármagn).
 - Seðlabankinn hefur haldið stýrivöxtum sínum í 18%. Stjórnvöld og fulltrúar sjóðsins eru sammála um að of snemmt sé að huga að lækkun. Þótt gengið sé orðið stöðugra geta

hlutirnir auðveldlega snúist til verri vegar. Enn á eftir að draga úr verðbólguþrýstingi og ekki hefur enn verið gerð áætlun um að leggja niður hömlur á fjármagnsflutningum milli landa. Bilið milli daglánavaxta og innlánavaxta (þ.e. vaxtabilið kringum stýrivextina) var breikkað 17. desember. Þetta var gert til að liðka fyrir á millibankamarkaði, styrkja lausafjárstöðu og auka þátttöku í útboðum ríkisskuldabréfa.

8. **Hömlurnar á fjármagnsflutningum milli landa, sem höfðu verið settar áður en áætlunin komst á, hafa nú verið lögfestar.** Hinar nýju, formlegu hömlur ná ekki til viðskipta undir viðskiptajöfnuði (t.d. til vaxtagreiðslna) og takmarka fjármagnsflæði milli heimamanna og útlendinga. Samt er farið frjálst með beinar erlendar fjárfestingar (tafla 7). Í heild lítur út fyrir að markaðsaðilar líti svo á að hömlurnar séu óhjákvæmilegar nú en þeir óska eftir ítarlegri skýringum á sumum sviðum. Seðlabankinn hefur unnið í að skýra framkvæmdina nánar og laga ákvæði um beina erlenda fjárfestingu til að hindra að farið sé í kringum ákvæðin. Bankinn hyggst eiga reglulegt samráð við viðskiptabankana til að tryggja gagnsæi og jafnræði í framkvæmd. Heildarmat á skilvirkni hamlnanna og áform um að aflétta þeim smám saman verður hluti af fyrstu endurskoðun áætlunarinnar. Slík tímaáætlun mun ráðast af því hvernig til tekst með framkvæmd skilyrða sem áður hafa verið skilgreind, svo sem með stöðugleika gengisins, horfur um greiðslujöfnuð (ekki hvað síst horfurnar fyrir nýtt innflæði fjármagns) og stöðu gjaldeyrisforðans.

B. Stefnan í ríkisfjármálum

9. **Frumvarp til fjárlaga 2009 er í samræmi við áætlunina** (tafla 8). Hallinn er talinn muni verða um ½% af VLF hærrí en gert var ráð fyrir í áætluninni. Það stafar af endurskoðuðum áætlunum um hagsveiflujafnandi þætti ríkisfjármála (fyrir utan nokkurn vaxtasparnað). Aðgerðir, sem miða að því að draga til baka fyrri áform um aukin sértæk ríkisútgjöld (þ.e. að skera þau niður úr 2,7% í 0,25% af VLF), varða m.a. tekjuskatt einstaklinga og samdrátt rekstrarkostnaðar um 3-5% (tafla 9). Hvað varðar fjármögnun, þá eru fulltrúar sjóðsins og stjórnvöld sammála um að þar sé ákveðin óvissa sem tengist mjög mikilli brúttófjármögnunarþörf og mögulegri samkeppni um fjármagn lífeyrissjóðanna (t.d. vegna endurskipulagningar fyrirtækja). Stjórnvöld gáfu til kynna að þau hygðust endurskoða áform um fjármögnun í janúar þegar áætlun um stjórnun skulda fyrir árið 2009 yrði sett fram.
10. **Unnið er að áætlun í ríkisfjármálum til meðallangs tíma. Stjórnvöld huga að setningu laga þar að lútandi þegar á árinu 2009.** Þau hafa þegar lagt kostnaðarmat á hluta aðgerða fyrir 2009 og þýðingu þeirra til meðallangs tíma. Þau ætla að fyrir lok desember verði hægt að benda á og ræða í ríkisstjórn helstu áhersluatriði fyrir umfang ríkisfjármála til lengri tíma (viðmið til endurskipulagningar). Í því skyni hyggjast stjórnvöld nýta sér sjálfstætt skilvirknismat á áformum sínum um skatta og útgjöld (t.d. frá OECD). Stjórnvöld hyggjast þegar á árinu 2009 lögfesta sum af áformum sínum til meðallangs tíma til að nýta aukna eindrægni um aðgerðir sem mögulegt er að grípa nú til.
11. **Erfiðleikar við lántökur umfram afborganir – sem er afleiðing af hruni bankanna – gætu leitt til vandamála við að ná markmiði í árslok 2008 um hreinan lánsfjárjöfnuð.** Heildarjöfnuður ríkissjóðs er um miðjan desember í aðalatriðum í

samræmi við áætlanir en nettólánveitingar eru umfram áætlun eftir að ríkið gat ekki afturkallað verðbréfalánasamning þar sem óhæft veð og veikbygður gagnaðili var á bak við. Að öðru jöfnu verða útistandandi skuldir ríkissjóðs því hærri, sem jafnframt þýðir að hallinn verði meiri (eins og hann er mældur í áætluninni).

C. Stefnan gagnvart fjármálageiranum

12. Endurskipulagning fjármálageirans fer nú fram á nokkrum sviðum:

- Gerð hefur verið áætlun um endurheimt eigna (og þar með hefur því verið náð að ljúka því verki fyrir lok nóvember). Í því felst samkomulag við lánardrottna um að fresta sölu eigna (og þar með forðast að setja eignir á „brunaútsölu“). Þessi aðgerð hefur verið studd með lagasetningu (þar sem fullnustufrestur hefur verið framlengdur), allir bankar hafa verið settir undir fullnustufrest og skilanevndir hafa verið skipaðar til að gæta hagsmuna lánardrottna. Fulltrúar sjóðsins sögðu að sumir erlendir lánardrottnar hefðu áhyggjur af því að aðgerðir stjórnvalda væru ógagnsæjar og gætu leitt til mismununar. Stjórnvöld lögðu áherslu á að í engu tilfelli hefðu fyrri hluthafar náð eignum út úr bönkunum sem ríkið hefði tekið yfir.
- Stjórnvöld hafa fengið virtan erlendan sérfræðing til að veita endurskipulagningarnefnd bankanna forstöðu. Þau töldu mikilvægt að skipa einhvern sem engin tengsl hefur við fyrrverandi hluthafa til að skapa fullvissu um óhlutdrægni framkvæmdarinnar.
- Tveir bankar af þremur hafa þegar lagt fram viðskiptaáætlanir til skoðunar. Stjórnvöld búast við að allir þrjú bankarnir muni hafa lokið áætlunum sínum fyrir miðjan janúar.
- Ráðinn hefur verið sérfræðingur til að meta reglu- og eftirlitsverk og á því mati að verða lokið fyrir lok mars (svo sem búist var við).

13. Tímaáætlun um endurfjármögnun bankanna er að skýrast og nauðsyn er á einurð við framkvæmd hennar:

- Stjórnvöld telja að vinnu við mat á eignum bankanna geti verið lokið í lok febrúar eða um miðjan marsmánuð. Það er erfiðleikum háð að ná samkomulagi um sameiginlega aðferð: hafa verður samráð við lánardrottna og taka tillit til andmæla endurskoðanda (þeir andmæltu lagalegri ábyrgð á fyrirskipaðri aðferðafræði). Endurskoðandinn, sem stjórnvöld réðu til að annast framkvæmdina, Oliver Wymann, er nú að aðlaga aðferðafræðina. Hægt verður að einfalda verkið með því að ráða einn endurskoðanda fyrir alla þrjú bankana. Stjórnvöld líta svo á að sjálfstætt lokamat endurskoðanda, sem stýrir framkvæmdinni, sé mikilvægt fyrir trúverðugleika hennar.
- Þar eð töf verður á mati eigna munu tímamörk fyrir endurfjármögnun bankanna (viðmið um endurskipulagningu fyrir lok febrúar) líklega breytast og verða síðla í mars eða snemma í apríl. Lánardrottnar gömlu bankanna hafa einnig beðið um lengri frest til að meta skilmála þess skuldabréfs sem þeim verður fengið (til að bæta fyrir eignir sem yfirfærðar voru til nýju bankanna) þegar matsframkvæmdinni verður lokið. Stjórnvöld telja að þessi vinna geti að einhverju leyti farið fram á sama tíma og matið svo að dráttur verði sem minnstur.

14. **Pess eru merki að hrun stóru bankanna þriggja hafi haft áhrif á minni sparisjóði og aðrar fjármálastofnanir. Það kallar á skjót viðbrögð.** Áætlunin gerði ráð fyrir að slík hliðaráhrif gætu myndast. Nú er vitað að hrunið hefur þurrkað út eigið fé sparisjóða og að sumar stofnanir eiga ekki fyrir skuldum. Ný lög heimila ríkinu að leggja til stofnfé allt að 20% af bókfærðu eigin fé í lok ársins 2007 (þó með skilyrði um afskriftir lánardrottna). Þrír stærstu sparisjóðirnir eru að ræða sameiningu sín í milli og smærri sparisjóðum hafa verið sett tímamörk til að laga eiginfjárstöðu sína. Samt verður kostnaðurinn, sem af þessu leiðir, líklega lítill í samanburði við kostnaðinn af stóru bönkunum þremur. Aðilar voru sammála um að það liggur á að fást við þennan vanda og þá á þann hátt að það setji ekki markaði úr jafnvægi. Farið verður yfir þetta mál í fyrstu endurskoðun áætlunarinnar.
15. **Endurskipulagning á skuldum fyrirtækja og heimila er hafin.** Ríkisstjórnin hefur veitt ráðum nýju bankanna víðtæka heimild til að skuldbreyta lánnum eins og við á í hverju tilfalli og hafa bankarnir hafið þá vinnu. Íbúðalánasjóður er einnig byrjaður að skuldbreyta lánnum. Stjórnvöld eru að skoða breiðari ramma, þ.m.t. stofnun sjóðs til að styðja endurfjármögnun (sem m.a. myndi nýta fé frá lífeyrissjóðunum og öðrum fjárfestum). Slíkur sjóður mun krefjast öflugs stjórnskipulags og vekja upp spurningar um fjármögnun ríkissjóðs árið 2009. Samþykkt var að rammi endurfjármögnunar yrði ræddur frekar við fyrstu endurskoðunina þegar sjálfstæður ráðgjafi skilar skýrslu um alþjóðlegar kjöraðferðir á þessu sviði.

D. ERLEND FJÁRMÖGNUN

16. **Stjórnvöld vinna af einurð við að semja við lánardrottna bankanna.** Haldnir eru mánaðarlegir fundir með nefndum lánardrottna. Þetta verður gert auðveldara með skipan sjálfstæðs fjárhagsráðgjafa. Lánardrottinnar hafa lagt til góð ráð um aðferðir við að meta eignir bankanna.
17. **Áætlunin er þegar fjármögnuð til fulls en samningar við tvíhliða lánardrottna eru ekki enn að fullu frágengnir:**
- Samningaviðræður um lán til að greiða innlánseigendum – sem nú eru talin munu nema 2,4 milljörðum dollara minna (sjá 5. málslíð) – munu hefjast aftur um miðjan janúar.
 - Stjórnvöld skýrðu frá því að þau myndu brátt hefja samningaviðræður um tvíhliða lán frá Norðurlöndunum og myndu setja sig í samband við rússnesk og pólsk stjórnvöld til að hefja viðlíka viðræður. Að meðtöldum Færeyjum, hafa þessi lönd skuldbundið sig til að veita 3,2 milljarða lán. Áætlað var að mest af þessu fé hefði borist á fjórða fjórðungi ársins 2008 en afhendingin tefst þar til snemma árs 2009.

IV. MAT FULLTRÚA SJÓÐSINS

18. **Áætlunin gengur almennt vel.** Brýnasta verkefnið til skamms tíma var að koma ró á gengi krónunnar og það hefur að mestu gengið eftir. Samt eru meiriháttar verkefni fram undan, ekki hvað síst í endurskipulagningu bankanna. Heildarmarkmið áætlunarinnar og tengdra aðgerða eru áfram raunhæf. Einarðleg framvinda er nauðsynleg til að árangur náist.

- 19. Aðgerðir í peningamálum eru að skila árangri en of snemmt er að breyta um stefnu.** Sambland af háum vöxtum, hömlum á fjármagnsyfirlærslum og skynsamleg inngríp hafa orðið til þess að gengið hefur orðið stöðugra. Sé horft fram á við, þá verður gengisstöðugleikinn að festast í sessi og gjaldeyrisforðinn að aukast. Að því gefnu verður hægt að losa um hömlur á fjármagnsyfirlærslum í skrefum um leið og varkárni er gætt í lækku vaxta.
- 20. Fjárlög 2009 eru í aðalatriðum í samræmi við áætlunina en enn er eftir að tryggja fjármögnun og ganga frá fjárlagaáætlun til meðallangs tíma.** Sveigjanleiki í ríkisfjármálum er rétta tækið til að ráða við efnahagsvandann en hin mikla brúttólánsfjárbörf gefur til kynna að þörf er á að þróa samhæfða áætlun til skuldastjórnunar. Það verður forgangsmál á næstunni að setja fram áætlun til meðallangs tíma. Fulltrúar sjóðsins hafa verið fullvissaðir um það af stjórnvöldum að pólitísk samstaða um þetta mál sé að aukast.
- 21. Haldið er áfram við að endurfjármagna fjármálageirann og starfsemi skilaneftndanna verður að halda áfram eins hratt og unnt er.** Þegar hefur verið settur rammi um reglulegt samráð við lánardrottna banka og unnið er af einurð í þeim málum. Það hefur tekið tíma að móta endanlega aðferðafræði við mat á eignum bankanna og hafa samráð við lánardrottna. Þessi framvinda á ekki að verða til þess að vandvirkni eða trúverðugleika þessa verkefnis sé fórnað en frekari tafir myndu leiða af sér raunverulegan efnahagsskaða. Einnig verður að sinna vandamálum sparisjóða og annarra fjármálastofnana þar sem taka verður fljótt á vandamálum.
- 22. Áætlunin er fjármögnuð.** Það ætti að vera forgangsmál að ná fljótt samkomulagi um kjör erlendra lána, þ.m.t. um fé sem ætlað er til að greiða eigendum erlendra gjaldeyrisinnlána. Kjörin verða að vera í samræmi við greiðslugetu og taka tillit til óvissu og áhættu.

[1] Öryggismat á Seðlabankanum er þegar hafið. Fulltrúar sjóðsins komu til Reykjavíkur í desember 2008 og ræddu við fulltrúa Seðlabankans og Ríkisendurskoðunar. Matið ætti að liggja fyrir við fyrstu endurskoðun samkvæmt áætlun viðbúnaðarlánsins.

[2] Tækniástoð sjóðsins nær yfir eftirfarandi svið: Fjármagnshömlur í gjaldeyrisviðskiptum, þróun á aðferðum til lausafjárstýringar og uppbyggingar gjaldeyrismarkaðar, undirbúning á fjárlögum 2009 og áætlun í ríkisfjármálum til meðallangs tíma, svo og endurskipulagningu bankanna.